


Haust-áætlun FÁT

Sem fyrr verða opin hús ákveðinn grunnur að starfsemi félagsins.

Opnu húsin verða að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (beint fyrir aftan Fjarðarkaup), annan laugardag í mánuði milli kl. 10 og 12.

- 12. september Opið hús þar sem þemað verður “það sem við höfum verið að gera í sumar”. Félagsmenn eru hvattir til að koma með verk sem þeir hafa verið að vinna að í sumar. Kaffi á könnunni.
- 10. október Opið hús með umfjöllun um aska og asklok. Félagar fá teikningar af asklokum.
Félagar eru hvattir til að komi með aska sem þeir eiga. Kaffi sem fyrr.
- 14. nóvember Aðalfundur FÁT. Venjuleg aðalfundarstörf þar sem m.a. verður kosin ný stjórn og línur lagðar fyrir næsta starfsár.
Aðalfundurinn verður auglýstur sérstaklega síðar.
- 12. desember Opið hús með jól sem meginþema. Hugmyndin er að félagar (og gestir) geri jólatengt skurðverk. Efni verður til staðar en æskilegt að félagar (gestir) komi með tálguhnífa.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Pósthólf nr. 6 270 Mosfellsbæ
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>
Ritstjórn er stjórn félagsins
Ábm. Björn Bergsson

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
5. tbl. 14. árgangur 2009

Frá formanni



Áður en nokkur veit af er haustið komið. Í raun er upphaf vetrarstarfs félagsins Handverkshátíðin að Hrafnagili. Undanfarin ár hefur félagið tekið þátt með kynningu á starfsemi sinni. 200 bæklingar voru til staðar og félagar, sem kynntu félagið, sýndu í verki hvernig staðið er að tréskurði. Ljóst er að þó einhver kreppa sé þá virðist ekki vera kreppa í

handverki því mjög góð aðsókn var að Handverkshátíðinni.

Formaður fór á Grafarvogsdag í Reykjavík um sl. helgi þar sem Korpuúlfar sýndu m.a. tréskurð að Korpúlfsstöðum. Ljóst má vera að margir hópar stórir og smáir eru að störfum yfir vetrarmánuðina vítt um land, þar sem tréskurður er stundaður. Gaman væri að fá myndir og frásagnir frá þessum hópum til að setja í Brýnið eða á heimasíðu félagsins.

Brýnið sem þú hefur nú í höndum er 5. tölublaðið í þessum árgangi. Tíðni útgáfunnar hefur aukist. Ekki hefur verið skortur á umfjöllunarefni en betur má ef duga skal og þess vegna er gott að fá efni eða tillögur um umfjöllunarefni í Brýnið okkar. Talandi um að fá myndir og texta frá ykkur, þá er ekki síður þörf á fleiri höndum til að aðstoða við starfsemi félagsins, t.d. í tengslum við opið hús. Látið vita ef þið viljið og getið aðstoðað í smáu sem stóru.

Megi veturinn verða ykkur skurðvænn.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

Margir félagsmenn hafa gefið upp netföng og GSM símanúmer og þannig er hægt að koma skilaboðum á framfæri. Ef þú færð ekki tölvupóst eða SMS skilaboð frá félaginu sendu okkur þá boð um að komast á listann. silo@mmedia.is 8995716

Halldór Kristinn Vilhelmsson, stjórnarmaður í félaginu lést aðfarnótt 17. júní sl.

Á vorsýningu Félags áhugamanna um tréskurð í maí, mætti Halldór Vilhelmsson sem fyrr. Við vorum búin að heyra af veikindum en ekki hversu alvarleg þau voru. En hann mætti og gladdi okkur með nærveru sinni. Halldór bar hag félagsins fyrir brjósti og það á honum mikið að þakka. Alltaf var hann boðinn og búinn að leggja hönd á plóg og vinna að framgangi tréskurðar á Íslandi.

Síðastliðið ár var Halldór í stjórn félagsins og í sýningarnefnd.

Á sínum tíma þegar efnt var til samkeppni um merki félagsins var teikning Halldórs valin. Teikningin, sem sýndi asklok, var þjóðleg, stílhrein og vel útfærð. Þó ekki væri fyrir annað þá mun merki félagsins halda minningu Halldórs á lofti.

Halldór var ekki aðeins góður félagi heldur völundur þegar kom að tréskurði. Gripir hans voru fagurlega skornir og báru vott um mikinn hagleik. Það lék allt í höndum hans. Hann var tréskeri.

Sendum fjölskyldu hans og vinum, samúðarkveðjur. Við söknum Halldórs Vilhelmssonar.



Opið hús 12. september
að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði
(iðnaðarbil beint fyrir aftan
Fjarðarkaup) kl. 10 til 12


Handverkshátíðin að Hrafnagili

Helgina 6. til 9. ágúst var Handverkshátíðin að Hrafnagili í Eyjafirði. Félagið hefur tekið þátt í í hátíðinni með því að hafa kynningarbás og kynna þar starfssemi félagsins, útskýra helstu þætti tréskurðar og ekki síst að sýna skurðverk og vinnubrögð.

Óhætt er að segja að þessi kynning hefur vakið athygli þau ár sem félagið hefur tekið þátt. Nú í ár voru óvenjumargir gestir og þeir 200 kynningarbæklingar sem félagar dreifðu voru búnir um miðjan dag á sunnudegi. Nýir félagar bættust í hópinn og fjöldi manns fékk aukna innsýn í tréskurð og starf félagsins. Hópur félaga stóð vaktina undir stjórn Theodórs Þorvaldssonar og kann stjórn félagsins honum bestu þakkir sem og þeim sem með honum unnu. Ljóst er að þetta er sýning sem við þurfum að taka myndarlega þátt í á hverju ári.



Anna Elsa við störf og kynningu á Handverkshátíðinni 2008



Treskjæringsmönstre er til sölu (nokkur eintök) á kr. 8.000 (Kostar 398,- norskar krónur í Noregi)

Elsa Þóra Eggertsdóttir, tréskeri í Noregi mælti sérstaklega með bókinni enda fróðleg og mikið af vinnuteikningum í henni.

Upplýsingar veitir Sigurjón í síma 864 5716.